

Pelican er sama hljómsveitin og kenndi unglíngum landsins á sínum tíma að meta alþýðulagið Á sprengisandi. Hún hefur á að skipa öllum sömu meðlimunum nema Ómari Óskarssyni. Guðmundur Jónsson úr Sálinni hefur tekið sæti hans.

Aft á methraða

Hlutirnir virðast ganga hratt fyrir sig um þessar mundir; Sálin hans Jóns míns er um það bil að leggjast niður og þegar hafa meðlimir hennar komið sér fyrir á öðrum vígstöðum. Þar á meðal í hinni endurvöktu hljómsveit Pelican með Pétur Kristjánsson og flesta hina innanborðs, að viðbættum Guðmundi Jónssyni, gítarleikara Sálarinnar, sem kemur í stað Ómars Óskarssonar sem plökkaði gítarinn með Pelican á gullaldartíma sveitarinnar í kringum 1974–75. Aðrir meðlimir eru þeir sömu og áður; Björgvin Gíslason (stutthærður), Ásgeir Óskarsson og Jón Ólafsson. Hafa þeir fimmenningar þegar lokað sig inni í stúdíói þar sem verið er að taka upp fjórtán laga skífu sem kemur út von bráðar. Í kjölfarið verður farin þeysireið um landið.

Pelican er hljómsveitin sem

kenndi unglíngunum að meta gamla alþýðulagið Á sprengisandi og tryllti alla með Jenny Darling. Platan sem Pelican gaf út með þessum lögum árið 1974 — og seldist í hátt í ellefu þúsund eintökum — verður endurútgefin á geislaþötu á þessu ári.

Verður nýja Pelican eitthvað í líkingu við þá gömlu?

„Uppbyggingin er sú sama, það er að segja tveir gítarar, trommur, bassi og söngur og lítið sem ekkert hljómborð. Hljómsveitin verður, eins og áður, mjög góð gítarrokk-hljómsveit. Það merki ég á því að við erum aðeins búnir að æfa saman í þrjár vikur og náum strax vel saman.“

Er þetta ekki metæfinghraði fyrir plötuupptöku?

„Jú, það held ég. Menn eru mjög frjóir, sérstaklega Guðmundur, sem kemur til með að

eiga átta lög á plötunni, Björgvin Gísla á fjögur, Ásgeir eitt og Jón eitt.“

Er samstarf þetta Guðmundar í framhaldi af Króknum?

„Já, það má eiginlega segja það. Við kynntumst að minnsta kosti vel á því tímabili. Eftir að ég frétti af því að Sálin væri að fara í frí ræddi ég við Guðmund. Ég vissi að hann var að leita fyrir sér og víðraði þá hugmynd að endur-reisa Pelican, sem honum fannst góð. Það reyndist ekki erfitt að húa saman gömlu félagunum því allir hafa þeir verið að spila í öll þessi ár og því í mjög góðri æfingu. Ég held að útkoman eigi eftir að koma fólki á óvart.“

Eru fleiri kombakk í bígerð?

„Nei, nei bara þetta. Við höfum ákveðið að spila saman í fjóra mánuði; eingöngu að vinna þessa plötu og fylgja henni eftir fram á

haust. Þá verður hætt. Það er alveg öruggt. Þótt allt kunni að ganga vel verður ekki haldið áfram í vetur því þá eru menn bókaðir annars staðar. Þó gæti vel komið til greina að taka upp þráðinn næsta vor.“

Eru þessi sífelldu kombakk ekki þreytandi?

„Nei, síður en svo. Maður hefði ekki staðið í þessu í tólf eða þrettan ár ef þetta væri þreytandi. Að sjálfsögu getur tekið á að ferðast á milli margra staða á einni helgi. Prógrammið er stíft. En það er góður mórall í hópnum. Við verðum fyrstu helgina að frá fimmtudegi til sunnudags, fyrst á Gauknunum, svo í Þotunni í Keflavík og endum á Selfossi. Helgina þar á eftir förum við til Akureyrar og spilum þar bæði kvöldin, þá förum við til Ísafjarðar og þar á eftir til Vestmannaeyja.“